

## Helmuth Sörensen Nyborg – apríl 2020

(f. 1937), var prófessor í þroskasálfræði við Háskólanum í Árósum um langt árabil. Hann hefur rannsakað samband greindar, kynferðis og kynþátta. Hann hefur m.a. rannsakað, hvort bæta megi greind stúlkna með svokallað „Turner“ (stúlkna)heilkenni með auknu magni kvenkynvaka (estrogen) í líkama þeirra. Helmuth hefur í rannsóknum sínum notað hefðbundin greindarpróf. Greind er því skilgreind samkvæmt þeim.

Umdeilda grein Helmuth frá árinu 2005 ber titilinn; „Kynjatengdur munur á almennri greind g; stærð heila og félagsstaða (Sex-related differences in general intelligence G, brain size, and social status),“ og birtist í vísindaritinu, „Manngerð og einstaklingsmunur (Personality and Individual Differences). Tímaritið hefur um fjögurra áratuga langa vísindalega birtingarsögu. (Greind eins og hún er mæld með dæmigerðum greindarprófum, það er fjölþáttaprófum (t.d greindarprófum David Wechsler (1896-1981)), hefur löngum verið umdeild, bæði hvað varðar sjálft greindarhugtakið, notkun og gildi niðurstaðnanna.)

Í upphafi greinar sinnar útskýrir Helmuth tvær leiðir til að mæla almennan þátt greindar, þ.e. g-þáttinn. Annars vegar er um að ræða tölfræðilega útreikninga á grundvelli samlagningar staðlaðrar útkomu í öllum prófþáttunum. Þessi reikningsaðferð bendir til, að stig karla séu 3.8 fleiri, heldur en kvenna almennt. Hins vegar er um að ræða þáttgreiningaraðferð (factor analysis) á grundvelli fylgi milli prófþátta. Þessi aðferð hefur ekki sýnt neinn stigsmun á greind kynjanna. Þetta undrar Helmuth, þar sem efnismeiri heili karla að meðaltali „ætti að“ lýsa sér í hærri g-greind. Það skoðar hann betur.

Í inngangi greinarinnar um rannsókn sína segir Helmuth: „... karlar drottna á toppi valdakerfa stjórnmalanna, þar sem krafist er hæfni til að ráða fram úr flóknum aðstæðum, en það er með öðrum orðum skilgreining almennrar g-greindar.“ Hann skýrir einnig frá velþekktri kenning um dreifingu greindar, þ.e. að óveruleg meðalfrávik í greind karla séu dreifðari, heldur en hjá konum, og að stigvaxandi munur sé á greind karla og kvenna efst í stiganum, þ.e. körlum í vil. Sömuleiðis nefnir hann aðra þekkta staðreynd, þ.e. að konum og körlum sé sitthvað til lista lagt. Konur skjóta körlum ref fyrir rass í yrtri greind (því, sem að tungumáli lýtur), en karlar konum í rýmisgreind.

Um var a ræða langtímarannsókn með trúverðugt og raðgreint slembiúrtak (representative sequential random sample) skólabarna samkvæmt þjóðskrá á aldrinum átta til sextán ára í Skanderborg og nágrenni. Úrtak var gert á áttunda áratugi síðustu aldar. Víðtækt safn prófa, þ.e. tuttugu mismunandi hæfileikapróf. Efni þeirra var einnig afar víðfemt.

„Almenn niðurstaða: „Þegar réttri aðferð er beitt kemur í ljós stigvaxandi forskot karla í efri þrepum g-greindar. Það tengist umfangi heila, og útskýrir, alla vega að hluta, algilda drottun karla í samfélaginu.“

Rannsóknarniðurstöður Helmuth ollu miklu fjaðrafoki, sem lyktaði með, að hann rekinn úr starfi 2006. Brottvikningin var þó dregin tilbaka, þar sem vísindamaðurinn var um það bil að fara á eftirlaun. En engu að síður var hann sakaður um „ámælisverða fræðimennsku“ (grov videnskabelig uredelighed). Forstöðumaður sálfræðiskorar lét hafa eftir sér: „Helmuth Nyborg

starfar hvorki samkvæmt gildismati skorarinnar, né fellur hann að þeirri mynd, sem við viljum sýna af skorinni.“

Sex árum síðar urðu svipaðar hræringar, þegar hann birti í sama tímariti greinina, „Hnignun vestrænnar menningar: Tvöfalt tilslökunarúrval í anda kenninga Darwins“ (The decay of western civilization: Double relaxed Darwinian selection), þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu, að tilflutningar fólks frá Miðausturlöndum gæti haft áhrif til lækkunar á greind landslýðs. Skemmst er frá því að segja, að smávægilegar villur fundust í gögnum Helmuths, sem hann hafði forgöngu um að leiðrétta, en breyttu ekki niðurstöðum. Fyrir rétti árið 2016 var hann sýknaður af öllum ákærum og honum greiddar bætur.

Umræður, meðan á hremmingunum stóð og í kjölfar þeirra, eru athygliverðar fyrir margra hluta sakir. T.d. fullyrtu kvenfrelsarar, að greindar- eða hæfileikapróf væru hönnuð af körlum (sem í aðalatriðum er rétt) til að réttlæta með vísindalegum hætti kúgun kvenna. Í leiðara í dagblaðinu, „Stjórn málin“ (Politikken) var talað um hneyksli, árás á konur. Vísinda- og tjáningarfrelsi bar einnig á góma.

Eðlisfræðingurinn, Benny Lautrup, prófessor við Niels Bohr stofnun Kaupmannahafnarháskóla, skrifaði t.d. í Jótlands-Póstinn (Jyllands-Posten): „Hefði Nyborg komist að þeirri niðurstöðu, að greindarmunurinn væri konum í vil, hefði hann trúlega aldrei verðið ákærður fyrir fúsk. Það er hið þverstæðukennda [í málinu]. Málið minnir á ofsóknir (processer) í Ráðstjórnarríkjunum, þar öllu valdakerfinu er beitt til að berja vísindamann einn á báti til hlýðni við stjórn málarétttrúnað samtímans.“